



## 7. fundur sveitarstjórnar Langanesbyggðar haldinn í félagsheimilinu Þórsveri á Þórshöfn fimmtudaginn 28. ágúst 2014 og hófst kl 17:00

**Mætt eru:** Hilma Steinarsdóttir, Gunnólfur Lárusson, Hulda Kristín Baldursdóttir, Reynir Atli Jónsson, Siggeir Stefánsson, Halldóra Jóhanna Friðbergisdóttir, Björn Guðmundur Björnsson og Elías Pétursson sem ritaði fundargerð.

Oddviti bauð fundarmenn velkomna og spurði hvort gerð væri athugasemd við fundarboð. Svo var ekki.

Elías boðin sérstaklega velkominn á sinn fyrsta sveitarstjórnarfund

### Dagskrá:

**1. Fundargerð sveitarstjórnar nr 6/2014**

Lögð fram til kynningar

**2. Fundargerð landbúnaðarnefndar nr 2/2014**

Lögð fram til kynningar

**3. Fundargerð landbúnaðarnefndar nr 3/2014**

Lögð fram til kynningar

**4. Fundargerð atvinnu-, menningar og ferðamálanefndar nr 1/2014**

Lögð fram til kynningar.

Liður 1. Þar er lagt til að framlag vegagerðarinnar í styrkvegi fari í lagfæringar á fjallvegum fyrir austan Brekknaheiði.

Landbúnaðarnefnd var búin að leggja til á 1. fundi sínum samsvarandi bókun.

Samþykkt samhljóða.

Liður 4. Sveitarstjórn Langanesbyggðar tekur heilshugar undir hugmyndir atvinnu-, menningar og ferðamálanefndar um að kanna möguleika á því að flytja hingað fleiri störf á vegum ríkisins. Sveitarstjóra falið að vinna að málinu. Samþykkt samhljóða.

**5. Fundargerð fræðslunefndar nr 1/2014**

Lögð fram til kynningar

Liður 3. Starfsmannamál. Samþykktur samhljóða.

**6. Fundargerð umhverfis- og skipulagsnefndar nr 1/2014**

Lögð fram til kynningar

**Liður 2.** Deiliskipulag við Langholt. Lagt til að afgreiðsla umhverfis- og skipulagsnefndar verði staðfest af sveitarstjórn. Samþykkt samhljóða.



**Liður 3.** Breyting á deiliskipulagi við Stórholt og Háholt. Lagt til að afgreiðsla umhverfis- og skipulagsnefndar verði staðfest af sveitarstjórn. Samþykkt samhljóða.

**Liður 4.** Deiliskipulag skóla- og íþróttamiðstöðvar á Þórshöfn. Lagt til að afgreiðsla umhverfis- og skipulagsnefndar verði staðfest af sveitarstjórn. Samþykkt samhljóða.

**Liður 5.** Deiliskipulag fyrir kirkjugarðinn á Þórshöfn. Lagt til að afgreiðsla umhverfis- og skipulagsnefndar verði staðfest af sveitarstjórn. Samþykkt samhljóða.

**Liður 7.** Aflýsing á lóðaleigusamningi fyrir Háholt 2 og gerð nýs lóðarleigusamnings. Lagt til að afgreiðsla umhverfis- og skipulagsnefndar verði staðfest af sveitarstjórn. Samþykkt samhljóða.

**Liður 8.** Umsókn um framkvæmdarleyfi vegna færslu á fjarskiptahúsi á Gunnólfsvíkurfjalli. Lagt til að afgreiðsla umhverfis- og skipulagsnefndar verði staðfest af sveitarstjórn. Samþykkt samhljóða.

**Liður 9.** Umsókn veiðifélagsins Hafralónsár um lóðaleigusamning. Lagt til að afgreiðsla umhverfis- og skipulagsnefndar verði staðfest af sveitarstjórn. Samþykkt samhljóða.

## **7. Erindi frá jafnréttisstofu dags. 14. ágúst 2014**

Lagt fram til kynningar.

Í dag fer sveitarstjórn með jafnréttismál en til stendur að stofna jafnréttisnefnd í Langanesbyggð.

## **8. Erindi Kátra daga nefndinnar 2014 dags 20. ágúst 2014**

Sveitarstjóra falið að skoða möguleika á fyrirkomulagi hátíðarinnar í samræmi við umræður á fundinum.

## **9. Umsókn um styrk til náms dags. 24. ágúst 2014**

Afgreiðslu frestað og sveitarstjóra falið að yfirfara reglur um styrki til fjarnáms.

## **10. Leikskóli á Bakkafirði**

Lagt fram minnisblað með drögum að kostnaðaráætlun fyrir leikskóladeild á Bakkafirði. Umræður um málið.

## **11. Finnafjörður**

Siggeir Stefánsson reifaði stöðu verkefnisins og ætluð næstu skref.

Siggeir og sveitarstjóra falið að vera í forsvari fyrir Finnafjarðarverkefnið. Samþykkt með sex atkvæðum Gunnólfur sat hjá.

## **12. Starfslókasamningur fráfarandi sveitarstjóra**

L-listinn óskaði eftir því að starfslókasamningur fráfarandi sveitarstjóra verði lagður fram á sveitarstjórnarfundi þann 28. ágúst nk. Óskað er eftir upplýsingum um hver



gerði samninginn og hvers vegna, þar sem ráðningartími var útrunninn og í umboði hvers/hverra hann var gerður.

Sveitarstjóri fór yfir starfslokasamninginn.

Siggeir Stefánsson fráfarandi oddviti gerði umræddan starfslokasamning þann 11.06 2014. Ráðningartími sveitarstjóra var til 1. júlí en samkomulag var gert um að sveitarstjóri tæki út það sumarfrí sem hann ætti inni auk þess fengi hann 4 auka orlofsdaga. Í samkomulaginu tilgreinir að Ólafur ljúki störfum þann 16. júní 2014. Ólafur fékk að halda við starfslok síma og fartölvu. Ólafur fékk greiddan ferðakostnað fyrir sig ásamt konu sinni til að sækja búslóð. Ólafur fékk afnot af sveitarstjórabústaðnum til 7. ágúst 2014 í stað 1. ágúst 2014.

Að öðru leyti giltu þau ákvæði um starfslok sem tilgreind voru í ráðningarsamningi.

Siggeir lagði fram eftirfarandi bókun

„Vegna fyrirspurnar frá L listanum vegna starfsloka Ólafs Steinarssonar sem sveitarstjóra Langanesbyggðar þá var það oddviti sem gekk frá starfslokasamningnum og er það eðlilegt ferli að loka málum og tryggja að það verði ekki eftirmál. Samningurinn var gerður af oddvita fyrir hönd Langanesbyggðar og í samráði við meirihluta sveitarstjórnar. Ráðningartími hans rann út 1 júlí. Í starfslokasamningi við Ólaf er bætt við 4 orlofsdögum sem helgast af mikilli yfirvinnu og að hann skrifaði frídaga á sig þegar hann var að vinna fyrir Langanesbyggð fyrir sunnan. Það er réttast að kalla þetta leiðréttingu á orlofsdögum. Ólafur kom á tímaskráningarkerfi þar sem hann hélt utan um vinnuframlag sitt og var allt utan umhald greinargott og betra enn hefur áður sést. Við svona starfslok þá er það oft að viðkomandi starfsmaður fær að halda tölvu og síma og hefur það tíðkast áður hjá Langanesbyggð. Fartölvan sem Ólafur var með kostaði um 85 þúsund krónur. Varðandi húsnæðið þá óskaði Ólafur eftir því að fá að halda því nokkum dögum lengur enn ráðningarsamningurinn hljóðaði upp á vegna þess að hann komst ekki fyrir í að tæma húsnæðið enn hann skilaði því af sér 5 ágúst í stað 1 ágúst. Þetta kom ekki að sök gagnvart nýjum sveitastjóra því hann mætti um miðjan ágúst til vinnu. Í samningnum var einnig gert ráð fyrir greiðslu vegna ferðakostnaðar og hljóðar hann upp á um 30 þúsund krónur.

Ekki veit ég hvað er verið að eltast við með þessari formlegu fyrirspurn en það hefði verið í lófa lagið að spyrja beint út í þessa þætti. Þessi starfslokasamningur ef hægt er að kalla hann það kostar Langanesbyggð ekki mikið, gæti trúað því að það væri um 115 þús.kr. sem er ekki mikill kostnaður fyrir góðan mann sem var að vinna að heilindum fyrir samfélagið með langan vinnudag og meira og minna að alla daga vikunnar. Það hefur aldrei staðið til að halda einhverju leyndu, töldum að þetta væri ekki stór upphæð.

Ólafur var ráðinn til eins árs eða til 1 júlí 2014 með tveggja mánaða uppsagnarfresti og að ný sveitarstjórn og sveitastjóri gæti haft aðgang að honum í einn mánuð eftir starfslok“



## 13. Skýrsla sveitarstjóra

- a. Erindi slökkviliðsstjóra frá síðasta fundi  
Sveitarstjóri leggur til að honum verði falið að vinna málið áfram í samræmi við umræður á fundinum. Samþykkt samhljóða
- b. Málþing sveitarfélaga um þjónustu við íbúa af erlendum uppruna  
Sveitarstjóri upplýsti sveitarstjórnarmenn um að megin markið málþingsins væri annarsveggar að koma fróðleik til starfsmanna og kjörinna fulltrúa sveitarfélaga. Einnig að skapa tengsl milli þeirra sem vinna að þessum málefnum hjá sveitarfélögum.
- c. Íbúðir aldraðra  
Verið er að vinna að samantekt á gögnum vegna þessa mál sem sveitarstjóri kynnir síðar.
- d. Fjárhagur 6 mánaðar uppgjör.  
Verið er að vinna 6 mánaða uppgjör fyrir Langanesbyggð sem verður sent á sveitarstjórnarmenn um leið og það fyrir. Í framhaldi af því verður haldinn sérstakur fundur um uppgjörið.  
Tekjur sveitarfélagsins eru lægri en áætlun gerði ráð fyrir en rekstragjöld eru svipuð og áætlanir gerðu ráð fyrir.
- e. Framkvæmdir 2014  
Sveitarstjóri er að fara yfir stöðu framkvæmda og mun staðan liggja fyrir á næsta fundi. Ljóst er að framkvæmdir voru umfram áætlanir ársins 2014

Fleira ekki gert  
Fundargerð upplesin og samþykkt samhljóða  
Fundu slitið kl 20:00